

Fundur stjórnar FFF og bekkjarfulltrúa, 5. mars 2018 kl. 17.00

**Mætt eru stjórn FFF, fulltrúar 1.-5. bekkja og Aðalbjörg skólastjóri. Enginn bekkjarfulltrúi 6. eða 7. bekkjar mætti.**

Hugmynd að virkja bekkjarfulltrúana til að tengja erlenda foreldra og börn þeirra inn í félagsleg samskipti innan sem utan skólans. Nýir og erlendir foreldrar geti haft samband við ákveðinn/ákveðna einstaklinga innan árgangsins. Ekki útfært nánar á fundi.

Hlutverk bekkjarfulltrúa rætt út frá samskiptum foreldra í árgangi. Skipulagðir hittingar fyrir foreldra árgangs þýðir betri samskipti og auðveldar forvarnastarf. Leiðir af sér betri samskipti barna árgangsins. Reynsla skólastjóra að það auðveldar eldri árgöngum að foreldrar byrji að hittast skipulega á meðan börnin eru ung. Skólastjóri býður skólann fram sem vettvang fyrir foreldra að hittast.

Góð mæting var á forvarnarfundi 5.-6. bekkjar, sem Maggi Stef sá um. Góður rómur var gerður að fundunum og þeir verða væntanlega endurteknir í haust með 5. & 7. Bekk.

Reglulegir stjórnarfundir FFF verða fram á vorið haldnir fyrsta mánudag í mánuði kl. 17 á kennarastofunni. Bekkjarfulltrúar eru velkomnir á fundina.

Stjórnin hefur áhyggjur af dræmri foreldraþátttöku í skólanum. Foreldrastarf í Víkingi er öflugt og virðist vera samkeppni á milli um foreldra. Samtal í gangi við íþróttastjóra Víkings um meira samstarf.

Áhugi á að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN en Vanda sérhæfir sig í samskiptum og úrlausn eineltismála. Stærsta sviðsmyndin er að verkefnið verði unnið með Breiðagerðisskóla og Vanda hitti nemendur, foreldra, starfsfólk skóla og íþróttapjálfa hjá Víkingi, sem sagt hafa alla með.

Skólastjórnendur eru opnir fyrir því að skólinn hýsi fjölbreytt námskeið og hópavinnu í skólanum, gegn hóflegu gjaldi. Í vetur hafa verið ýmiss konar námskeið fyrir nemendur; ukulele, forritun, lego o.fl. Frumkvæði þarf að koma frá foreldrum og námskeið kynnt í gegnum foreldrafélagið.

Ræddar margs konar aðferðir að veita foreldrum innsýn inn í skólastarfið. Hefur verið gert á morgnana í mörgum árgöngum og allir fundarmenn lýsa yfir áhuga á að efla þessi tengsl og benda á þá aukaafurð að þeir foreldrar sem mæti kynnist betur. Skólastjóri tekur það heim í hérað en bendir á að plássleysi sé ein höfuðorsök þess að erfitt sé að taka reglulega á móti stórum hópum fólks á skólatíma.

Rædd tregða foreldra að taka þátt í bekkjarstarfi. Sú hugmynd rædd að skipuleggi bekkjarfulltrúar dagskrá vetrarins vel í upphafi hausts, þá sé auðveldara að fá foreldra til að muntra sig á einhvern dagskrárlíðanna.

Vorhátíðin í vor verður vonandi samhliða skólaslitum og sameiginlegt verkefni foreldra, skóla og frístundar. Verkefnið er ekki alveg komið á koppinn. Virk þátttaka foreldra er nauðsynleg.

Í skoðun er að fá hjólabretta/hlaupahjólaramp á skólalóðina. Er kostnaðarsamt að kaupa og gerist ekki án aðkomu borgaryfirvalda, gæti Betri Reykjavík verið farvegurinn? Verið að skoða hvort við gætum fengið slíkan ramp að láni, t.d. á vorhátíðinni. Fundarmenn hlyntir því að aðstaða fyrir slíka íþróttaiðkun sé fyrir hendi. Ræddar voru ýmsir möguleikar á uppsetningu útiþróttaaðstöðu í dalnum. Skólastjóri leggur til að hópar verði myndaðir um rampinn annars vegar og hjóladagana hins vegar.

Hljóðfæraskortur stendur tónmenntastarfi og tónlistarstarfi nemenda fyrir þrifum. Ákall FFF til foreldra um brúkleg, rykfallin hljóðfæri úr geymslum hverfisbúa er byrjað að skila árangri. Til er smásjóður í vörslu FFF, sem nota átti til að kaupa flygil. Engar forsendur eru fyrir því að eiga og reka flygil í skólanum og því verður hluti sjóðsins notaður til að kaupa hljóðfæri, sem ekki fást með öðrum hætti. Skólinn opinn fyrir því að nemendur eigi kost á því að stunda tónlistariðkun í skólanum (bílskúrsbönd).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.29.

Fundargerð ritaði Karl Óskar Þráinsson